



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2014

Umsögn um stjórnarhætti: Advania hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðuleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Advania hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af KPMG í desember 2013.

Niðurstaða úttektar KPMG á stjórnarháttum Advania hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er skilgreint í starfsreglum. Stjórnin leggur áherslu á stefnumótunarhlutverk og að gæta hagsmuna hluthafa og viðskiptavina. Hlutverk stjórnarformanns er skilgreint í starfsreglum. Hlutverk framkvæmdastjóra er vel skilgreint.

Hvað má betur fara: Advania hf. er í 73,95% eigu Framtakssjóðs Íslands. Mikilvægt er að hlutverk stjórnar sé gert skýrt gagnvart eigendum félagsins, hvað varðar ábyrgð og ákvarðanir.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verksvið og verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar, þar sem lögð er áhersla á stefnumótun.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki skilgreint aðferðafræði við áhættustjórnun eða áhættumælikvarða.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin hélt fjórtán stjórnarfundi árið 2013, sem voru tvær klukkustundir að meðaltali. Stjórnin hefur tvær undirnefndir: Endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Stjórnin hefur aðgengi að öllum gögnum sem tengjast stjórnarstarfinu í sérstöku rafrænu gagnaherbergi.

Hvað má betur fara: Stjórnin mætti skilgreina hvaða upplýsingar hún þarf að fá og hvort að þörf sé fyrir upplýsingar sem koma frá óháðum úttektaraðilum.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur stjórnar voru samþykktar árið 2012 og eru endurskoðaðar árlega.

Hvað mætti betur fara: Stjórnin hefur ekki samþykkt siðareglur eða viðmið um samfélagslega ábyrgð. Stjórnin hefur ekki tekið fyrir umræðu um samfélagslega ábyrgð.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Stjórn félagsins árið 2013 samanstendur af fimm stjórnarmönnum sem eru: Finnbogi Jónsson (formaður), Anna Rún Ingvarsdóttir, Katarina Burton, Kristinn Pálmason, Þór Hauksson. Varamenn eru Erna Eiríksdóttir og Hafliði Helgason. 60% stjórnarmanna eru karlmenn og 40% konur. Meðalaldur stjórnarmanna er 47 ár (33 – 63 ára).

Hvað mætti betur fara: Þrír af fimm stjórnarmönnum eru fyrirverandi eða núverandi starfsmenn Framtakssjóðs Íslands.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áður nefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.